



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Undirhlíðum, Hafnarfirði



Bjarni F. Einarsson
2017

Forsíðumyndin sýni vörðu efst í Undirhlíðum, fornleifar nr. 353:1. (Horft mót ANA. Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ
Janúar 2017

Inngangur

Að beiðni Landslags fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Undirhlíðum í Hafnarfirði vegna breytinga á deiliskipulagi. Er skráningarsvæðið sýnt á loftmynd 1.

Farið var í gegnum fyrri skráningar á svæðinu áður en haldið var á vettvang, en ekki þótti ástæða til að kanna heimildir frekar (sjá heimildaskrá).

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 12. janúar síðastliðinn. Veður var vindasamt, þurrt og kallt á meðan á vettvangsvinnu stóð.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar, mynd 1.

Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu (Hafnarfirði) þar sem við átti.

Fulltrúi verkkaupa var Halldóra Narfadóttir hjá Landslagi ehf.

Skráningin


Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr.). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni könnunarsvæðisins og ekki lagt til að svo verði gert.

Samtals voru átta fornleifar undir fimm númerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Í þessari umferð bættist við varða nr. 353:1.

Fornleifar nr. 210:1-4, selið Gvendarsel, eru að mati undirritaðs býsna áhugaverðar. Fjöldi selja er á Reykjanesinu og nær öll óspillt. Liggja þau eftir nesinu, góðan spöl frá bæjum við ströndina, alveg frá Mosfellsbæ í austri að Höfnum í vestri. Gvendarsel sker sig að nokkru leyti úr, en fá sel eru jafn lítilfjörleg og Gvendarsel. Eru jafnvel áhöld um að þetta hafi verið eiginlegt sel, þrátt fyrir nafnið. Mælt er með því að rafmangslínum verði haldið frá þeim eins og hægt er.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn.



Mynd 1. Yfirlit yfir staðsetningu fornleifa í Undirhlíðum. X sýnir líklega staðsetningu fornleifa. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE/Landslag).

Rannsóknir á einfaldari fornleifum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Niðurstaða

Einar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki, en það voru minjar Gvendarsels, samtals fjórar fornleifar. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Nr.	Tea.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Miniaildi	Varðveislug.	Friðlýst	Mótvægisáða.
210:1-4	Sel	4	Landeyðing	L til	Sæmilegt	1550 1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Nei	Rannsókn
210:1	Stekkur	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550 1900	Hátt (7 5)	Hátt (7 5)	Nei	Rannsókn
210:2	Rúst	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550 1900	Hátt (7 5)	Hátt (7 5)	Nei	Rannsókn
210:3	Rúst	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550 1900	Hátt (7 5)	Hátt (7 5)	Nei	Rannsókn
210:4	Stekkur	1	Landeyðing	Mikil	Sæmilegt	1550 1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Rannsókn
211:1	Fornleið	1	Náma	Talsverð	Ágætt	1550 1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	GPS mæling
212:1	Rúst	1	Náma	L til	Sæmilegt	1550 1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
286:1	Fornleið	1	Náma	L til	Ágætt	1550 1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	GPS mæling
353:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550 1900	L tið (2)	L tið (2)	Nei	Engar
5 staðir		8st					Meðaltal 6 31	Meðaltal 6 31		

Tafla 1. Skráðar fornleifar í Undirhlíðum. Hér eru mótvægisáðgerðir miðaðar við að ekki sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna og að framkvæmdir raski fornleifum á einhvern hátt. Fornleifar nr. 212:1 fundust ekki við vettvangskoðun og ástæðan líklega sú að snjór lá yfir.

Fornleifar nr. 212:1, rúst (stekkur?) fundust ekki við vettvangsskoðun, en ekkert bendir til þess að þeim hafi verið raskað og því er ástæðan líklegast sú að snjór var yfir.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. *Grjótnám í Undirhlíðum í Hafnarfirði*. Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum. Handrit. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1998.
- Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn fornleifa sumarið 1907.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1908. Reykjavík 1908. Bls. 9-31.
- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Lög um menningarminjar*. Nr. 80 29. júní 2012.
- Ólafur Þorvaldsson. „Fornar slóðir milli Krísuvíkur og Hafnarfjarðar.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1943-48. Bls. 81-95.
- Ólafur Þorvaldsson. *Selvogsgata og Krýsuvíkurleiðir*. Fræðslurit Ferðafélags Íslands. Reykjavík 1999.
- Sveinn Pálsson. *Ferðabók Sveins Pálssonar*. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Reykjavík 1945.
- Örnefnaskrá*. Garðakirkjuland. Ari Gíslason skráði. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur.

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Hafnarfjörður Nr. 210-212, 286 og 353.